

Mættir: Arnar Ólafsson, formaður, Kristinn Arason, varaformaður, Þór Ólafsson, gjaldkerfi, Kristín Ívarsdóttir, ritari og Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri. Íris Svavarsdóttir, mótastjóri, kynnti fyrsta dagskrárlið og yfirgaf svo fundinn.

Mótaskrá Fimleikasambandsins 2017-2018

Íris mótastjóri kom og kynnti fyrstu drög að mótadagskrá næsta vetrar. Dagsetningar fyrir formannafund og þing eru til umræðu og tillögur settar inn í skjalið. Dagskráin er mjög þétt og leggur mótastjóri til tvær breytingar á fyrra formi, að TM mótið falli út og að einu hóp fimleikamóti verði bætt við hjá A-deildum allra flokka til að skera úr um hver er deildarmeistari, (meistaradeildin).

Drögin eru að fara til tækninefnda til yfirlestrar, skiladagur fyrir athugasemdir er 22. júní.

Stjórn fagnar hversu langt þessi vinna er komin og hversu snemma drögin koma út í ár.

Afreksstefna FSÍ

Stefnan hefur verið í vinnslu í vetur, farið fyrir formannafund og þing. Smávægilegar breytingar voru gerðar frá þingi, í samræmi við sniðmát frá ÍSí. Lögð fram til samþykktar hjá stjórn. Stefnan samþykkt.

50 ára afmælisnefnd FSÍ

Stjórn skipar afmælisnefnd á næsta fundi, auglýsa eftir tilnefningum í nefndina á síðunni okkar. Íris Mist verður starfsmaður nefndarinnar.

Helstu verkefni skrifstofu – farið yfir og skipt upp ábyrgðarsviðum á stjórnarmenn.

Fræðlismál - Hulda

Mótamál – Kristinn

Fjármál – Arnar / Þór

Afreksmál – Hanna / Kristín

Kynningarmál – Hrefna

Tæknimál á skrifstofu – Þór

Samstarfsaðilar / Samskipti – Sólveig

Starfsmannamál

Ráðning afreksstjóra FSÍ, umsóknarfrestur er útrunnin og sóttu tveir um starfið.

Ráðningarferlið er hafið og reynt eftir fremsta megni að hratt í gegnum það.

Önnur mál



Arnar mun taka að sér verkefni hjá sambandinu tengt fjármálunum, þar sem Sæunn mun láta af störfum í lok júní.

Fundi slitið kl. 18:30
Fundargerð ritar Sólveig Jónsdóttir



Europcar

